

Sparisjóður Vestfirðinga

Tilkynning um afkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006

Lykiltölur í millj. kr.

	30.06. 2006	30.06. 2005	Breyting	30.06. 2004	30.06. 2003	30.06. 2002
Rekstrarreikningur:						
Vaxtatekjur	488	383	27,4%	350	311	384
Vaxtagjöld	346	224	54,5%	207	173	249
Hreinar vaxtatekjur	141	159	(12,8%)	143	138	135
Aðrar rekstrartekjur	307	212	44,8%	226	77	68
Hreinar rekstrartekjur	448	371	20,8%	369	215	203
Önnur rekstrargjöld	199	181	10,3%	164	158	139
Framlag í afskriftareikning útlána	81	89	(8,8%)	190	125	60
Hagnaður f. skatta og framlag frá Tryggingasjóði	167	101	65,1%	15	(68)	4
Tekju- og eignarskattur	(22)	(16)	36,1%	(2)	12	(1)
Framlag frá Tryggingasjóði Sparisjóða	0	0	0,0%	37	0	0
Hagnaður ársins	145	85	70,7%	50	(56)	3

	30.06. 2006	31.12. 2005		31.12. 2004	31.12. 2003	31.12. 2002
Efnahagsreikningur:						
Eignir:						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	266	713	62,7%	476	376	427
Útlán	6.613	5.949	11,2%	5.752	5.631	5.416
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum	1.627	1.350	20,5%	767	519	576
Aðrar eignir	218	247	(11,7%)	301	336	327
Eignir samtals	8.724	8.259	5,6%	7.296	6.862	6.746

Skuldir og eigið fé:						
Skuldir við lánastofnanir	6	4	50,0%	2	154	643
Innlán	4.873	4.443	9,7%	4.289	3.942	3.753
Lántaka	2.131	2.255	5,5%	1.934	1.905	1.473
Aðrar skuldir	57	84	32,1%	56	67	65
Lífeyrisskuldbinding	30	30	0,0%	27	24	22
Tekjuskattsskuldbinding	41	19	157,9%	0	0	0
Víkjandi lán	445	424	5,0%	251	151	155
Eigið fé	1.141	1.000	14,1%	737	619	635
Skuldir og eigið fé samtals	8.724	8.259	5,6%	7.296	6.862	6.746

Eiginfjárhlutfall skv. CAD	10,5%	12,0%		11,8%	11,7%	9,9%
Arðsemi eigin fjár	31,5%	27,7%		7,0%	(4,3%)	1,6%
Vaxtamunur	3,4%	3,5%		4,4%	4,0%	4,7%
Afskriftir sem hlutfall af útlánum	3,6%	3,7%		4,1%	3,9%	1,9%
Rekstrarkostnaður af hreinum rekstrartekjum	44,4%	42,6%		56,0%	62,6%	66,9%
Innlánsaukning	9,7%	3,6%		8,8%	5,0%	23,6%
Útlánsaukning	11,2%	3,2%		2,3%	3,8%	6,2%
Meðalstöðugildi	43	43		35	35	32

Rekstur

Hagnaður Sparisjóðs Vestfirðinga nam 145,2 millj. kr. á fyrri árhelmingi ársins 2006, samanborið við 85 millj. kr. hagnað á fyrri árhelmingi 2005. Arðsemi eigin fjár á sama tíma var 31,1% en hún var 27,7% á árinu 2005.

Vaxtatekjur námu alls 474,5 millj. kr. á tímabilinu og hækkuðu um 23,8% frá sama tímabili árinu áður. Vaxtagjöld námu 346,5 millj. kr. og hækkuðu þau um 54,5% frá fyrri árhelmingi 2005. Hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins námu því 141,3 millj. kr. en þær voru 159,1 millj. kr. á sama tímabili á síðasta ári. Aðrar rekstrartekjur voru 307,0 millj. kr. og hækkuðu um 94,7 millj. kr. frá fyrri árhelmingi ársins 2005. Hreinar rekstrartekjur námu 448,2 millj. kr., en þær námu 371,4 millj. kr. árið áður.

Rekstrargjöld sparisjóðsins námu 199,5 millj. kr. en námu 180,7 millj. kr. á árinu 2005.

Framlag í afskriftarreikning útlána nam 81,4 millj. kr., en var 89,2 millj. kr. á árinu 2005.

Efnahagur

Útlán sparisjóðsins námu 6.613,0 millj. kr. og aukast um 664,1 millj. kr. frá árinu 2005 eða um 11,2 %. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum námu 1.627 millj. kr. og hækka um 20,6%. Allar eignir sparisjóðsins í skráðum verðbréfum eru færðar á markaðsverði.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Vestfirðinga í lok tímabilsins nam 1.141,4 millj. kr. og víkjandi lán námu 444,8 millj. kr. eða samtals 1.586,3 millj. kr. Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD-reglum er 10,5% en það var 12,0 % um síðustu áramót.

Annað

Rekstur Sparisjóðs Vestfirðinga gekk vel fyrstu 6 mánuði ársins og er hagnaðurinn umfram áætlanir. Sjóðurinn skilaði 145,2 millj. kr. hagnaði á tímabilinu, en umtalsverð hækkun er á markaðsverðbréfum sjóðsins. Stjórnendur sparisjóðsins gera ráð fyrir að afkoma fyrir árið 2006 í heild verði góð.

Sparisjóður Vestfirðinga

Nánari upplýsingar veitir
Angantýr V. Jónasson sparisjóðsstjóri
sími 450 2500